

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
Austursvæði

Sent í Skipulagsgátt

Húsavík 19-06 2025

Efni: : Sveitarstjórn Langesbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2025 að kynna skipulagslýsingu vegna vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 og við nýtt deiliskipulag vegna Staðarvirkjunar í Bakkafirði.

Arctic Hydro hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði. Áætlað uppsett afl virkjunarinnar er 0,99 MW og árleg orkuframleiðsla 6,1 GWh. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi RARIK. Framkvæmdin er í samræmi við tillögur starfshóps á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að aðgerðum til að efla samfélagið í Langesbyggð. Starfshópurinn taldi litlar virkjanir geta haft góð áhrif á rekstur dreifikerfisins, minnkað töp og styrkt samkeppnisstöðu svæðisins.

Um er að ræða sameiginlega lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag. Skipulagsgögnin eru aðgengileg hér á skipulagsgattinni. Skipulagsgögnin verða aðgengileg frá 30. maí til og með 20. júní 2025.

HNE gerir ekki athugasemdir á þessu stigi málsins.

Jóhannes H Hauksson
Heilbrigðisfulltrúi
Austursvæði.